

Fundargerð 6. þings Kennarasambands Íslands

sem haldið var 1. til 4. apríl 2014 á Grand hótél Reykjavík

Þriðjudagur 1. apríl**Kl. 13:00**

Lúðrasveit verkalýðsins spilaði nokkur lög meðan þingfulltrúar og gestir komu sér fyrir. Björg Bjarnadóttir varaformaður KÍ kynnti það sem fram fór og fór yfir hagnýt atriði eins og nettengingar og aðgengi að þinggögnum.

Tónlistaratriði: Strengjakvartettinn „Rjómakvartettinn”, sem samanstendur af Stefaníu Gunnarsdóttur fiðlu, Herdísi Mjöll Guðmundsdóttur fiðlu, Ásu Kristínu Pjetursdóttur víólu og Hirti Pál Eggertssyni selló, flutti tónverkið „Get Down“ eftir Árna Egilsson.

Ávarp gests:**Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra**

Hann ávarpaði þingið og lýsti ánægju sinni með yfirskrift þingsins „Samstaða um menntun - forsenda framfara“. Hann ræddi um mikilvægi góðrar menntunar og íslenska menntakerfið. Fjallaði um mikilvægi þess að íslenskir nemendur hefðu sömu tækifæri og stöðu og nemendur annarra landa. Ræddi um mikilvægi samstöðu milli stjórnvalda og kennara um menntamál.

Píanóleikur: Ásta Dóra Finnsdóttir 7 ára, flutti Sónatínu í C-dúr op.36 nr.3, 1. kafla.

Setning:**Þórður Árni Hjaltsted formaður Kennarasambands Íslands setti þingið**

Hann fjallaði um kjaramál kennara, virðingu og mikilvægi þess að kennarar séu metnir til jafns við aðra háskólamenntaða sérfræðinga. Ræddi um mikilvægi þess að kennarar og menntamál séu ofarlega á baugi stjórnvalda og þrýsti á forgangsroðun í þágu menntunar. Þá talaði hann um mikilvægi allra skólastiga og samstöðu um menntamál.

Ávörp gesta:**Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Ávarpaði þingið og þakkaði boðið. Ræddi um þá slæmu stöðu hve fáir grunn- og leikskólakennarar útskrifast nú á næstu misserum og ólíkar kenningar um ástæður þess. Fjallaði um þau samstarfsverkefni SÍS og KÍ sem nú eru í vinnslu. Nefndi mikilvægi þess að ná samkomulagi um sameiginleg mál er varða SÍS og KÍ ásamt því að efla samstöðu og gagnkvæman skilning.

Guðlaug Kristjánsdóttir formaður Bandalags háskólamanna

Ávarpaði þingið og þakkaði gott boð. Ræddi um mikilvægi kennara og skólamála í samfélaginu ásamt stefnumótun í skólamállum. Talaðu um mikilvægi þess að gera þjóðarsátt um menntun. Fjallaði um kjaramál með áherslu á millitekjuhópa. Lýsti yfir stuðningi BHM við kjarabaráttu kennara.

Kosning þingforseta og ritara:

Þórður Árni Hjaltsted tilnefndi Magnús J. Magnússon SÍ og Mjöll Matthíasdóttur FG sem aðalþingforseta. Hann tilnefndi einnig Guðbjörn Björgólfsson FF og Oddfríði Steindórsdóttur FSL sem varaþingforseta. Þau voru öll samþykkt samróma.

Sem aðalþingritara tilnefndi hann Brynju Áslaugu Sigurðardóttur FG og Sveinlaugu Sigurðardóttur FL en Elísabetu Helgu Pálmadóttur og Steinunni Ingu Óttarsdóttur sem varaþingritara. Voru þær allar samþykktar samróma. Engar athugasemdir gerðar og töldust þau öll rétt kjörin.

Skýrsla stjórnar KÍ:

Þórður Árni Hjaltsted lagði fram skýrslu stjórnar. Hann benti á ýmis mál, meðal annars rekstur KÍ og fjallaði um hin ýmsu verkefni sem unnin hafa verið frá síðasta þingi. Hann fór yfir breytingar í starfsmannamálum KÍ, þakkaði fráfarandi starfsmönnum góð störf og bauð nýja starfsmenn velkomna. Að því loknu var boðið upp á fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar.

Enginn tók til máls.

Þingforseti Mjöll Matthíasdóttir fór yfir hagnýt atriði fyrir þingfulltrúa ásamt skipulagi og vinnulagi nefnda. Nefndi meðal annars þá nýjung að þingið væri rafrænt í fyrsta skipti.

Skýrsla gjaldkera KÍ lögð fram - endurskoðaðir reikningar til afgreiðslu:**1. Ársreikningur félagssjóðs KÍ**

Hannes Þorsteinsson lagði fram ársreikning KÍ félagssjóðs. Hann nefndi m.a. að KÍ hefur verið rekið með tapi, eins og vitað var fyrir, en minntist á að nú væri lagt til að hækka aftur félagsgjöld.

Þingfulltrúi 192 Stefán Andrússon kom með ábendingu um lið 13 í rekstrarreikningi. Hann benti á villu en tölur virðast hafa víxlast.

Hannes Þorsteinsson þakkaði ábendinguna og sagði málið í skoðun og vinnslu.

2. Ársreikningur Orlofssjóðs KÍ

Þingfulltrúi 64 Elís Þór Sigurðsson lagði fram ársreikninga orlofssjóðs KÍ.

Þingfulltrúi kom með ábendingu úr sæti um að ósamræmi sé í birtum reikningum á heimasíðu KÍ og þeim tölum sem fram komu hjá Elís. Málið verður skoðað.

3. Ársreikningur Vinnudeilusjóðs KÍ

Ingibergur Elíasson lagði fram ársreikninga vinnudeilusjóðs KÍ.

Enginn tók til máls.

4. Ársreikningur Sjúkrasjóðs KÍ

Þingfulltrúi 213 Kristín Stefánsdóttir lagði fram ársreikninga sjúkrasjóðs KÍ.

Hún vakti athygli á því að reikningarnir væru undirritaðir þó það sæist ekki á netinu. Einnig benti hún á að byrjað hafi verið að greiða niður tannlæknakostnað í nóvember 2013.

Boðið var upp á fyrirspurnir og umræður um ársreikninga.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 199 Hólmfríður K. Sigmarsdóttir spurðist fyrir um breytingu hjá sjúkrasjóði. Hver rökin væru að taka aftur upp tannlæknastyrki þar sem sjóðurinn fór nánast á hausinn þegar þeir voru síðast í boði.

Þingfulltrúi 213 Kristín Stefánsdóttir svaraði að náðst hefur að rétta hag sjóðsins og því vill sjóðurinn gjarnan styrkja félagsmenn við mikinn og íþyngjandi tannlæknakostnað. Farið er varlega af stað með lágum styrkjum til að byrja með.

Þingfulltrúi 111 Ragnheiður Skúladóttir spurði í hverju hækkun á forvarnarliðnum liggur.

Þingfulltrúi 213 Kristín Stefánsdóttir svaraði að hún liggi m.a. í gjaldskrárhækkunum o.fl., s.s. við krabbameinsskoðanir og því að fleiri þættir falli undir forvarnarlið en áður.

Þingfulltrúi 151 Dýrleif Skjöldal spurði hvers vegna væri boðið upp á styrki vegna glasafrjóvgana og tæknisæðinga, þar sem það er ekki liður í að auka heilsu kennara.

Þingfulltrúi 213 Kristín Stefánsdóttir svaraði að slíkt væri mjög dýrt og því gott fyrir þá sem þurfa á að halda, sem væri þó ekki stór hópur. Hún nefndi einnig að við stofnun sjóðsins hafi verið tekið mið af greiðslum annarra sjóða og þar hafi þessir þættir verið inni.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson spurði hvers vegna ekki væri hægt að sækja um styrk vegna ferðakostnaðar fyrir þá sem þurfa að sækja lækniþjónustu langt að.

Þingfulltrúi 213 Kristín Stefánsdóttir svaraði að Sjúkratryggingar Íslands greiði hluta slíks ferðakostnaðar. Þó væri hægt að sækja um styrk ef málið væri sérstakt.

Þingfulltrúi 149 Ásta Eggertsdóttir spurði hvers vegna væri í sumum liðum tekið mið af reglum annarra stéttarféлага en ekki öllum, eins og t.d. ferðastyrkjum.

Þingfulltrúi 213 Kristín Stefánsdóttir benti á að hægt sé að sækja um ferðastyrk úr sjóðnum en hvert mál sé kannað fyrir sig.

Þingforseti beindi fyrirspurnum og tillögum um málefni sjúkrasjóðs til allsherjarnefndar þingsins.

Skýrsla stjórnar var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Ársreikningar voru bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir, 2 mótatkvæði.

Kynning framboðsnefndar - frambjóðendur í trúnaðarstörf:

Stefán Andrésson gerði grein fyrir kosningafyrirkomulagi, framboðsfresti og hvernig kosningar færur fram. Hann sýndi hvar sjá mætti upplýsingar um frambjóðendur á heimasíðu KÍ.

Óskað var eftir fleiri frambjóðendum í vinnudeilusjóð. Bent var á að Hafdís D. Guðmundsdóttir tæki við framboðum í fjarveru Stefáns Andréssonar, vegna fundarsetu hans í karphúsinu v/verkfalls FF og FS.

Mjöll Matthíasdóttir þingforseti fór yfir hagnýt atriði. Minnti þingfulltrúa á að nota númer sín til að biðja um orðið, sem og við atkvæðagreiðslu mála. Um leið vakti hún athygli á að allt ferli við kosningar í nefndir, ráð og sjóði gæti breyst ef tillögur laganefndar um kosningar innan KÍ verða samþykktar.

Kynning málaflokka, mál lögð fram og vísað í nefndir:

Þórður Árni Hjaltsted sagði frá millipinganevnd sem starfaði á milli þinga. Hann sagði frá þeim atriðum sem lögð voru fyrir nefndina og hvernig hún hagaði störfum sínum við vinnslu þeirra mála.

a. Laganefnd

Þórður Árni Hjaltsted mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í laganefnd:

- 1-1.1 Lög KÍ með breytingartillögum millipinganevndar
- 1-1.a Greinargerð með tillögum til breytinga á lögum KÍ

b. Fjárhagsnefnd

Hannes Þorsteinsson mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í fjárhagsnefnd:

- 2-3.1 Tillaga um félagsgjald
- 2-2.1 Tillaga um gjald í Vinnudeilusjóð
- 2-1.1 Tillaga að fjárhagsáætlun

c. Launa- og kjaramálanefnd

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í launa- og kjaramálanefnd:

- 4.1.1 Tillaga að kjarastefnu KÍ
- 4-3.1 Tillaga um lífeyrismál

Þingfulltrúi 194 Ingibjörg Kristleifsdóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í launa- og kjaramálanefnd:

- 4-2.1 Tillaga um sérstakar áherslur í kjaramálum
- 4-4.1 Tillaga að ályktun um stöðu samningamála

d. Skólamálanefnd

Þingfulltrúi 2 Björg Bjarnadóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í skólamálanefnd:

- 5-1.1 Tillaga að skólastefnu KÍ 2014-2017

5-2.1 Tillaga að samþykkt um innleiðingu menntastefnu – gæði og innihald náms

5-7.1 Tillaga um list- og verkgreinar

Þingfulltrúi 44 Guðbjörg Ragnarsdóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í skólamálanefnd:

5-3.1 Tillaga að samþykkt um kynningu á kennaramenntun og kennarastarfinu

5-4.1 Tillaga að samþykkt um samstarf um skólastarf

5-5.1 Tillaga að samþykkt um starfsþjálfun í kennaranámi

5-6.1 Tillaga að samþykkt um starfsþróun, námsorlof og rannsóknir í skólastarfi

e. Útgáfunefnd

Aðalbjörn Sigurðsson sagði frá þeim breytingum og nýjungum sem hafa orðið í útgáfu- og kynningarmálum KÍ, m.a. á veraldarvefnum o.fl. Hann mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í útgáfunefnd þingsins:

6-8.1 Tillaga um útgáfumál

f. Orlofs- og ferðanefnd

Þingfulltrúi 64 Elís Þór Sigurðsson mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í orlofs- og ferðanefnd:

6-6.1 Tillaga um stefnumótun Orlofssjóðs KÍ 2014-2017

Mjöll Matthíasdóttir þingforseti mælti fyrir eftirfarandi tillögum frá félagsmönnum og vísaði þeim í orlofs- og ferðanefnd:

6-9.1 Tillaga um útgáfu félagskorts

6-10.1 Tillaga um nettengingu í íbúðum Orlofssjóðs

g. Fræðslu- og félagsmálanefnd

Þingfulltrúi 2 Björg Bjarnadóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í fræðslu- og félagsmálanefnd:

7-1.1 Tillaga að stefnu KÍ í fræðslumálum

Ægir Karl Ægisson mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í fræðslu- og félagsmálanefnd:

6-2.1 Tillaga Siðaráðs um áherslur 2014-2017

Þingfulltrúi 43 Ólafur Loftsson mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í fræðslu- og félagsmálanefnd:

7-5.1 Tillaga um símenntunar/starfsþróunarsjóði aðildarfélaga

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltested mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í fræðslu- og félagsmálanefnd:

6-11.1 Tillaga um fræðslu fyrir trúnaðarmenn

7-6.1 Tillaga um viðhorfskönnun á þjónustu og starfsemi KÍ

h. Allsherjarnefnd

Þingfulltrúi 2 Björg Bjarnadóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í allsherjarnefnd:

6-4.1 Tillaga um stefnu KÍ varðandi erlent samstarf

Þingfulltrúi 143 Haraldur F. Gíslason mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í allsherjarnefnd:

6-5.1 Tillaga um húsnæðismál

Þingfulltrúi 213 Kristín Stefánsdóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í allsherjarnefnd:

6-7.1 Tillaga um stefnumótun sjúkrasjóðs KÍ

i. Jafnréttisnefnd

Hafdís Guðmundsdóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í jafnréttisnefnd:

6-1.1 Tillaga að jafnréttisstefnu

j. Vinnumhverfisnefnd

Sif Stefánsdóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í vinnumhverfisnefnd:

6-3.1 Tillaga að stefnu KÍ í vinnumhverfismálum

7-2.1 Tillaga um úttektir á vinnuaðstæðum

7-3.1 Tillaga vinnumhverfisnefndar um gerð fræðslumyndbanda

7-4.1 Tillaga vinnumhverfisnefndar um gerð könnunar

Kl. 18:30

Þingi frestað til næsta dags.

Miðvikudagur 2. apríl

Kl. 09:00

Nefndarstörf.

Kl. 17:30

Þingi frestað til næsta dags.

Fimmtudagur 3. apríl

Kl. 09:00

Þingforseti fór yfir hagnýt atriði og bað m.a. þingheim um að slökkva á sínum.

Erindi:

Hafdís Ingvarsdóttir prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands flutti erindið „Á vit fagmennskunnar“

Fjallaði um fagmennsku kennara út frá hinum ýmsu sjónarhornum. Ræddi um mikilvægi kennara í samfélaginu og ólíkar áherslur í skólamállum milli landa. Hún fjallaði um sjálfsmynd kennara og fagmennsku, virðingu og stolt. Hún ræddi um þekkingarleit nemenda og kennara, samstarf kennara og námssamfélagið. Fjallaði um mikilvægi samræðunnar milli kennara, að takast á um fagleg málefni. Hún bauð að lokum upp á spurningar og umræður.

Þingfulltrúi 200 Hulda Jóhannsdóttir spurði hver munurinn væri á teymisvinnu og þverfaglegri vinnu kennara.

Hafdís svaraði af kostgæfni og lauk svo máli sínu með orðunum: „Ég hef svar við öllu“ og hló.

Nefndir skila af sér:

a. Laganefnd

Þingfulltrúi 223 Ingileif Ástvaldsdóttir gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og kynnti breytingar sem urðu á tillögunni í meðferð hennar. Hún lagði eftirfarandi tillögu fram fyrir hönd nefndarinnar:

1-1.2. Tillaga um breytingu á lögum KÍ (breytt)

Nefndin leggur til þá orðabreytingu að í stað „endurmenntunar“ komi „símenntun/starfsþróun“. Einnig að grein 4 í reglum um Orlofsþjóf sé notuð sem fyrirmynd í sambærilegar greinar um hina sjóðina. Að öðru leiti gerði laganefnd ekki breytingar á tillögu millipinganefndar.

Þingforseti gerði grein fyrir fyrirkomulagi á umræðum og 2. grein.

Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

Afgreiðslu lagabreytinganna.

Þingforseti kynnti greinarnar í eftirfarandi röð og bauð upp á umræður:

3. grein

Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

8. grein

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Hann lagði fram tillögu um að bíða með að greiða atkvæði um þessa grein þar til búið er að afgreiða aðrar greinar sem koma síðar og geta haft áhrif á þessa grein.

Þingforseti lagði til að aðrar greinar sem áhrif hefðu á þessa yrðu skoðaðar. Samþykkt var að taka greinarannar fyrir í rétttri röð eins og þær koma fyrir í lögnum.

4. liður 8.greinar. Samþykkt með meirihluta.

Greinin í heild með áorðnum breytingum samþykkt með meirihluta atkvæða.

9. grein.

Breytingatillaga barst úr sal um að 3. málsgrein „Í lögum aðildarfélaga KÍ skal vera ákvæði um ábyrgð stjórnar aðildarfélags á rekstri símenntunar- og starfsþróunarsjóða“ yrði felld út.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 13 Einar Trausti Óskarsson. Mælti fyrir breytingatillögunni. Framtíð vísindasjóðs var mikið rædd á aðalfundi FF. Þar kom fram sterkur vilji að sjóðurinn væri sjálfstæður. Stjórn FF kæmi ekki að vali stjórnarmanna heldur kysu félagsmenn stjórn sjóðsins. Félagsmenn FF vilja að hvert aðildarfélag skilgreini ábyrgð símenntunar- og starfsþróunarsjóða sinna en ekki stjórn KÍ.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Rökstuddi hvers vegna lagt var til að þessi grein væri í lögnum, m.a. vegna ráðlegginga frá lögmönnum KÍ.

Þingfulltrúi 31 Kjartan Þór Ragnarsson. Lagði áherslu á kröfu margra félagsmanna FF að standa vörð um sjálfstæði Vísindasjóðs. Hann benti jafnframt á að þó þessi setning falli brott hafi það ekki áhrif á aðra sjóði. Hann nefndi einnig að FF vildi áfram vera aðili að KÍ en halda þó sjálfstæði sínu sem aðildarfélag.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal Jóhannesdóttir. Hún ræddi um ábyrgð og ástæður fyrir þessari tillögu. Ábyrgðin er hjá KÍ og öllum félögum er sýndur skilningur.

Þingfulltrúi 197 Björg Sigurvinsdóttir. Heldur að þetta sé byggt á einhverjum misskilningi hjá FF. Nefndi að stjórnir aðildarfélaga væru ekki að skipta sér mikið af sjóðunum. Lagði áherslu á mikilvægi þess að kennarar standi saman því sameinuð værum við sterkari.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson tók undir mál FF félaga. Lagði til að þetta erfiða mál með vísindasjóð FF yrði leyst áður en kæmi að næsta þingi og bíða með lagabreytingu um þetta mál þangað til. Hann lagði til við þingforseta að í atkvæðagreiðslu væri kosið um hvern lið fyrir sig.

Þingfulltrúi 31 Kjartan Þór Ragnarsson. Bað um skilning á sýn FF félaga á þessu máli og lausn sem gæti hugnast öllum.

Kaffihlé**Ályktun**Tillaga að ályktun um stuðningsyfirlýsingu vegna stöðu kjaraviðræðna undirmanna á Herjólfvík

Til máls tók:

Þingfulltrúi 78 Helga Tryggvadóttir. Hún, sem Vestmanneyingur, skýrði frá sinni sýn á málið. Hún nefndi að slæmt sé að ríkið grípi inn í kjaradeilur með þessum hætti en lagði einnig áherslu á mikilvægi styrkra samgangna til og frá Vestmannaeyjum.

Ályktunin var borin undir atkvæði og samþykkt með miklum meirihluta.

Þingforseti fór yfir nokkrar tilkynningar.

Laganefnd frh.

Þingfulltrúi 31 Kjartan Þór Ragnarsson. Ítrekaði að FF muni að sjálfsögðu lúta niðurstöðu þingsins sem er æðsta vald aðildarféлага KÍ. Biðlar til félagsmanna KÍ að halda áfram að leita lausnar í þessu erfiða máli og sýna FF skilning.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Lagði fram tillögu um að 3. málsgrein 9.gr. væri felld út og jafnframt að FF vinni í þessum málum fyrir næsta þing. Sú tillaga væri lögð fram í samvinnu við formenn allra aðildarféлага.

Tillaga Þórðar Á. Hjaltsted um að fella greinina út var samþykkt með örfáum mótatkvæðum.

1. málsgrein samþykkt samhljóða.
2. málsgrein samþykkt samhljóða.
3. málsgrein var felld út.
4. málsgrein samþykkt samhljóða.

Greinin í heild með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

10. grein

1. málsgrein samþykkt með örfáum mótatkvæðum.

1. liður umhlutverk samþykktur samhljóða.

Greinin í heild samþykkt samhljóða.

11. grein

1. breyting samþykkt samhljóða.

2. breyting samþykkt samhljóða.

3. breyting samþykkt samhljóða.

Greinin í heild með áorðnum breytingum var samþykkt.

12. grein

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Óskaði eftir nánari skýringum á þeim breytingum sem þarna eru lagðar til. Óskaði eftir því frá einhverjum úr millipinganefnd.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Hann útskýrði nánar tillögurnar að breytingunum. Sagði m.a. fjárhagslegan ávinning af því að halda þing fjórða hvert ár í stað þriðja hvert.

Þingfulltrúi 21 Guðmundur Björgvin Gylfason. Benti á að þessi breyting dragi úr lýðræði félagsmanna. Hann leggur til að þingið verði áfram haldið á þriggja ára fresti. Vill fá ákvæði sem kveður á að aðildarfélög skuli halda aðalfund eigi síðar en 6 mánuðum eftir þing KÍ.

Þingfulltrúi 219 Svanhildur María Ólafsdóttir. Hún studdi tillögu millipinganefndar um að halda aðalfundi aðildarfélaga og þing KÍ á fjögurra ára fresti.

Þingfulltrúi Sigfús Aðalsteinsson. Lagði fram *tillögu* um að fresta afgreiðslu 12. greinar þar til búið væri að afgreiða allar aðrar greinar laganna.

Tillaga um frestun afgreiðslu var samþykkt með 110 atkvæðum en 44 voru á móti. Afgreiðslu 12. greinar var því frestað.

13. grein.

Breyting samþykkt.

Greinin í heild samþykkt með meirihluta atkvæða.

14. grein

Greinin í heild samþykkt með miklum meirihluta.

15. grein

Samþykkt samhljóða.

16. grein

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 21 Guðmundur Björgvin Gylfason. Lagði fram *breytingatillögu* á 1. málsgrein, þ.e. að fyrir hverja 75 félagsmenn væri 1 þingfulltrúi.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal. Ræddi um lýðræði og úrelt form að hluta til á þinginu. Hún vill breyta kerfinu vegna breyttra tíma og auka lýðræði á fjölbreyttari hátt en með þingi.

Þingfulltrúi 143 Haraldur Freyr Gíslason studdi fyrri tillögu millipinganefndar, þ.e. 1 þingfulltrúa fyrir hverja 100 félaga. Benti á að erfitt var að manna þingið.

Þingfulltrúi 43 Ólafur Loftsson. Benti á að fækkun þingfulltrúa væri ekki svo mikil þar sem við þessa tölu bættust nefndar- og stjórnarmenn aðildarfélaganna og að erfitt væri að manna þingið.

Þingfulltrúi 35 Margrét S Sigurðardóttir. Sagði að tímasetning og lengd þings hefði áhrif á mönnun þingsins.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson mótmælti þeirri tillögu millipinganefndar að þingið skuli boðað með 8 vikna fyrirvara í stað 10.

Þingfulltrúi 2 Björg Bjarnadóttir. Útskýrði rök fyrir breytingunni úr 10 vikum í 8 vikur og nefndi einnig hvers vegna þing eru haldin. Nefndi m.a. að þörfin fyrir þing á þriggja ára fresti væri ekki sú sama og fyrir 14 árum þegar félögin sameinuðust í nýja KÍ, þar sem búið væri að sameina marga hluti.

Þingfulltrúi 21 Guðmundur Björgvin Gylfason ítrekaði það að fara varlega í fækkun þingfulltrúa.

Þingfulltrúi 143 Haraldur F. Gíslason. Telur varlega farið með því að hafa viðmiðið 100 í stað 50 og fagnar öllum sem eru sammála.

Þingfulltrúi 149 Ásta Eggertsdóttir. Tók undir að erfitt væri að manna þing en finnst mikilvægt að á þinginu sé nægur fjöldi félagsmanna af hverju svæði. Leggur áherslu á að fækka ekki þingfulltrúum og stytta ekki boðunartímann til þings.

Þingfulltrúi 223 Ingileif Ástvaldsdóttir. Sagði að taka þyrfti inn í samhengið aðra þætti til samræmis við fjölda þingfulltrúa á þingi. Styður ekki þá tillögu að fara millileiðina.

Þingfulltrúi 194 Ingibjörg Kristleifsdóttir. Ræddi um innihald og markmið þingsins og að mikill fjöldi þingfulltrúa leiði ekki endilega af sér betri niðurstöðu.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted ræddi um ástæðu breytingatillagnanna, að það væri m.a. til að auka skilvirkni. Hann benti einnig á að við stofnun KÍ hefðu fulltrúar þingsins verið töluvert færri en nú, eða 144.

Þingfulltrúi 4 Hrafnkell Tumi Kolbeinsson. Talaði um mikilvægi þess að félagsmenn hittist og lagði áherslu á að netmiðlar og netsamskipti kæmu aldrei í staðinn fyrir þá stemningu sem skapast þegar fólk hittist. Styður millileiðina.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Talaði um mikilvægi þeirrar auglýsingar sem KÍ fær með þeim fulltrúum sem fara heim af þinginu og segja frá. Nefndi að þingið væri stórt og mætti minnka. Hann lagði áherslu á að breyta ekki fyrirvara þingsins úr 10 vikum í 8 vikur.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal. Nefndi að hvert aðildarfélag geti valið sína fulltrúa með þeim fyrirvara sem það ákveður og væri það óháð því hvort þingboðun frá KÍ komi með 8 eða 10 vikna fyrirvara. KÍ þyrfti að huga að sameiginlegum fundum með félagsmönnum.

Breyting í titli IV. kafla - samþykkt.

1. málsgrein samþykkt með miklum meirihluta.

2. málsgrein - borist hafði *breytingatillaga* um að í stað 1 þingfulltrúa fyrir hverja 100 félagsmenn væri 1 þingfulltrúi fyrir hverja 75. 88 greiddu atkvæði á móti, 84 greiddu atkvæði með tillögunni. *Breytingatillagan* var því felld.

2. málsgrein með tillögu millipinganefndar var því borin upp til atkvæðagreiðslu. 110 greiddu atkvæði með tillögunni en 62 greiddu atkvæði á móti. Þar sem 2/3 atkvæða þarf til að samþykkja lagabreytingar var breyting á 2. málsgrein felld og hún stendur því óbreytt.

Hádegishlé

16. grein frh.

3. málsgrein samþykkt með fáum mótatkvæðum.

4. málsgrein með tillögu millipinganefndar var *felld*. 99 greiddu atkvæði með en á 73 móti.

16. grein í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með miklum meirihluta.

17. grein

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Gerði athugasemd við að ekki væri kosið um hverja breytingu fyrir sig í málsgreinum, heldur einungis kosið um málsgreinina í heild sinni.

Þingfulltrúi 16 Guðjón Eyjólfsson. Óskaði eftir að gerð væri grein fyrir því hvers vegna á að fella út skoðunarmenn reikninga.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Hann útskýrði hvers vegna, þ.e. að skoðunarmenn reikninga verði útnefndir af stjórn í stað þingsins.

4. liður samþykktur.

5. liður samþykktur.

7. liður samþykktur.

Tillaga um að fella niður setninguna um skoðunarmenn reikninga - samþykkt.

8. liður samþykktur

Greinin í heild með áorðnum breytingum samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

18. grein

1. málsgrein, 1. breyting samþykkt samhljóða.

1. málsgrein 2. breyting samþykkt.
2. málsgrein samþykkt.
3. málsgrein samþykkt með þorra atkvæða.

Greinin í heild með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

19. grein

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Óskaði eftir skýringu á því hvers vegna á að fella út skriflega kosningu formanna og varaformanna.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Útskýrði að það væri m.a. til þess að hafa möguleikann á því að kjósa rafrænt.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Lýsti yfir andstöðu við að kosið verði rafrænt.

Þingfulltrúi 219 Svanhildur María Ólafsdóttir. Benti á að þó tekið væri út að kosning ætti að fara fram skriflega, þá útilokaði það ekki möguleikann á skriflegri kosningu.

1. málsgrein óbreytt.
2. málsgrein samþykkt með miklum þorra atkvæða.
3. málsgrein óbreytt.
4. og 5. málsgrein samþykktar með langflestum atkvæðum.

18. grein í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með langflestum atkvæðum.

Tillaga um að fella út gömlu 19. greinina – samþykkt.

21. grein

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Gerði athugasemd við að skoðunarmenn reikninga séu skipaðir af stjórn KÍ, þ.e. að stjórnin ákveði hverjir skoða sína eigin reikninga.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Sagði reikninga endurskoðaða af löggiltum endurskoðendum. Sum félög láti það nægja en vilji væri fyrir því að fá félagsmenn líka til að endurskoða reikningana, spurning bara hvernig ætti að velja eða útnefna.

Þingfulltrúi 144 Fjóla Þorvaldsdóttir. Benti á að örlitla breytingu vantaði í orðalag frá laganefnd í skjalið og lagfærði það. “Að” fellur út í upphafi hvernar setningar og kemur í staðinn efst á undan upptalningunni.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal.-Taldi óþarfa að fá endurskoðendur úr hópi félagsmanna til að yfirfara reikningana þar sem þetta væri í höndum löggiltra endurskoðenda. Hins vegar treystu menn fyllilega þeim sem aðildarfélögin tilnefndu til þessara starfa.

Þingfulltrúi 136 Þórunn Steindórsdóttir. Benti á að skoðunarmenn reikninga fara með allt annað hlutverk en löggiltir endurskoðendur. Hún kom með *breytingatillögu* um að þingið kjósi skoðunarmenn reikninga úr hópi þeirra fulltrúa sem aðildarfélögin tilnefna í stað þess að stjórnin skipi þá úr þeim hópi.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Lagði til að stjórn KÍ dragi um skoðunarmenn reikninga úr hópi þeirra fulltrúa sem aðildarfélögin tilnefna.

Þingfulltrúi 16 Guðjón Eyjólfsson. Benti á að í ljósi undangengins fjármálahruns sé ekki ráðlegt að leggja til breytingu þessa efnis, þ.e. að stjórn KÍ velji skoðunarmenn reikninga.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Nefndi að löggiltir skoðunarmenn komi ekki í stað félagsmanna. Hægt væri t.d. að fá eina tilnefningu frá hverju aðildarfélagi.

Þingfulltrúi 73 Guðmundur Ómar Óskarsson. Lagði til *breytingatillögu* um að stjórn KÍ velji skoðunarmenn reikninga með hlutkesti.

Fyrri *breytingatillagan* „þingið kjósi skoðunarmenn“ var felld.
Seinni *breytingatillagan* „skoðunarmenn valdir með hlutkesti“ var samþykkt.

Stóra klausan, liður 1.-5. í 21. grein í stað 28. greinar samþykkt með þorra greiddra atkvæða. Gamla 28. grein fellur því út.

21. grein í heild sinni með áorðnum breytingum var samþykkt með þorra atkvæða.

22. grein
Samþykkt.

23. grein
Til máls tóku:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Spyr í hverju ábyrgð ritara er fólgin.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Svaraði í hverju hún er fólgin, þ.e. að ritari beri ábyrgð á að fundargerð sé rituð en þarf ekki að skrá hana sjálfur.

Greinin með breytingum samþykkt.

25. grein
1. breyting samþykkt.
2. breyting samþykkt.
3. breyting samþykkt.
25. grein í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt.

12. grein tekin upp aftur - til atkvæðagreiðslu

1. breyting samþykkt með þorra atkvæða
2. breyting samþykkt samhljóða
2. liður samþykktur með þorra atkvæða
3. liður dettur út – samþykkt
3. liður nýr (var 4.) - breyting samþykkt
- 12.grein í heild með áorðnum breytingum samþykkt

26.grein

- 1.málgrein samþykkt
- 2.málgrein samþykkt
- 3.málgrein samþykkt
- 4.málgrein samþykkt
5. málgrein óbreytt
6. málgrein samþykkt
7. málgrein óbreytt
26. grein í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt

27.grein

1. breyting samþykkt
2. breyting samþykkt
3. breyting – fella út málgrein – samþykkt
27. grein í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt

30.grein

Samþykkt.

35.grein

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 21 Guðmundur Björgvin Gylfason. Kom með *breytingatillögu* við greinina. Að lögum öðlist ekki þegar gildi heldur á næsta þingi KÍ 2017.

Þingfulltrúi 219 Svanhildur María Ólafsdóttir. Lagði til að upprunalega tillagan haldi sér, þ.e. að lögum taki þegar gildi en ekki á næsta þingi KÍ.

Þingfulltrúi 2 Björg Bjarnadóttir. Óskaði eftir rökum fyrir því að lögum taki ekki strax gildi.

Þingfulltrúi 21 Guðmundur Björgvin Gylfason. Nefndi að með því að lögum taki nú þegar gildi þurfi þau aðildarfélög sem búin eru að halda aðalfund að funda aftur og kjósa.

Þingfulltrúi 143 Haraldur Freyr Gíslason. Nefndi að það þurfi að boða framhaldsaðalfund hjá þeim sem nú þegar hafi fundað.

Þingfulltrúi 219 Svanhildur María Ólafsdóttir. Nefndi að SÍ ákvað á sínum fundi að boða til framhaldsaðalfundar ef þörf yrði.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Benti á að breytingar hafi ávallt tekið gildi strax að loknu þingi. Hvatti þingfulltrúa til að samþykkja upprunalega tillögu millipinganevndar.

Þingfulltrúi 13 Einar Trausti Óskarsson. Sagði allar umræður dagsins miða að því að lögin taki gildi strax og styður það því.

Þingfulltrúi 219 Guðmundur Björgvin Gylfason tók til máls. Hann dró *breytingatillögu* sína til baka. Nefndi að hann þyrfti að ræða þessi aðalfundamál innan síns aðildarfélags, þ.e. FF.

Greinin samþykkt með þorra atkvæða

Kaffi

Reglur fyrir Orlofssjóð KÍ

Samþykkt með þorra atkvæða.

Reglur fyrir sjúkrasjóð KÍ

Samþykkt samhljóða.

Reglur fyrir Vinnudeilusjóð KÍ

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 121 Sigurður Haukur Gíslason tók til máls. Útskýrði rök laganefndar fyrir þeim tillögum að samræmi sé í texta 4. liðs á milli sjóðanna þ.e. orlofssjóðs, sjúkrasjóðs og vinnudeilusjóðs.

Reglurnar samþykktar samhljóða.

Lögin í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með nánast öllum atkvæðum. 3 atkvæði á móti.

Þingfulltrúi 223 Ingileif Ástvaldsdóttir tók til máls. Hún flutti stutta tölu. Ræddi um KÍ og aukið svigrúm aðildarféлага og lýðræði. Hún fjallaði um mikilvægi þessa að auka virkni féлага KÍ og félagsvitund. Hún talaði um hvar ábyrgðin liggur í félagsmálum, þ.e. hjá félagsmönnum.

1-2.1 Tillaga vegna umboðs sjóðsstjórna og fleira

Tillaga um að núverandi stjórnir sjóða sitji áfram þar til nýjar stjórnir sjóða taka við samkvæmt nýsamþykktum lögum.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 21 Guðmundur B Guðmundsson. Leggur til að sett verði tímamörk á hvenær nýjar stjórnir þurfa að vera teknar til starfa.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Benti á að með þessari tillögu er stjórn KÍ treyst til að koma því í framkvæmd svo fljótt sem auðið er. Auk þess gefur það aðildarfélögum frest til að skila inn tilnefningum.

Tillagan var samþykkt samhljóða

b. Allsherjarnefnd

Þingfulltrúi 213 Kristín Stefánsdóttir gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og kynnti breytingar sem urðu á tillögum í meðferð hennar. Hún lagði eftirfarandi tillögur fram fyrir hönd nefndarinnar:

6-4.1 Tillaga um stefnu KÍ varðandi erlent samstarf

Enginn tók til máls.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6-5.2 Tillaga um húsnæðismál

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Hann sagði frá og sýndi þær tillögur sem stjórn KÍ hefur unnið að undanfarið í sambandi við byggingu viðbyggingar við húsnæði KÍ og bætti við að málið væri komið til ráðuneytisins.

Þingfulltrúi 60 Elín Guðfinna Thorarensen. Talaði fyrir tillögu allsherjarnefndar og ítrekaði mikilvægi þess að húsnæði KÍ væri aðgengilegt öllum – líka þeim sem eru hreyfihamlaðir að einhverju leiti.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson tók til máls. Hann vill treysta stjórn KÍ til að halda áfram með það mál sem hafið er varðandi húsnæðismál. Fannst tillagan betri eins og hún kom frá millipinganefnd.

Þingfulltrúi 49 Ágúst Benediktsson. Spurðist fyrir um kostnað o.þ.h. í húsnæðismálunum

Þingfulltrúi 149 Ásta Eggertsdóttir. Hún lagði áherslu á að „byggja ekki bara til þess að byggja“ - hafa nútímann með að leiðarljósi í húsnæðismálunum.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted tók til máls. Tók undir mikilvægi þess að allir hafi gott aðgengi að húsnæði KÍ og að sú viðbygging sem reynt hefur verið að fá leyfi fyrir auki aðgengi fyrir alla. Reifaði lauslega það ferli sem átt hefur sér stað í viðræðum varðandi umrædda viðbyggingu.

Hann lagði til *breytingatillögu* þess efnis að stjórn KÍ fái heimild til að byggja við, kaupa eða leigja hentugt húsnæði þar sem öllum nútímaþörfum félagsmanna verði sinnt og horft til

framtíðar.

Breytingatillagan var samþykkt með nokkrum mótatkvæðum. Tillagan í heild var samþykkt.

6-7.2 Tillaga um stefnumótun sjúkrasjóðs KÍ
Samþykkt samhljóða.

Ályktun

Ályktun um auglýsingu

Þingfulltrúi 115 Rósa Ingvarsdóttir lagði fram ályktun til samþykktar fyrir þingið.

Auglýsingin er frá Sjálfstæðisflokknum þar sem fullrytt er að skólakerfið hafi brugðist nemendum. Þessi tónn er í mikilli andstöðu við orð Halldórs Halldórssonar við setningu þings KÍ.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

c. Launa- og kjaramálanefnd

Þingfulltrúi 226 Magnús Þór Jónsson gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og kynnti breytingar sem urðu á tillögum í meðferð hennar. Hann lagði eftirfarandi tillögur fram fyrir hönd nefndarinnar:

4.1.2 Tillaga að kjarastefnu KÍ

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 136 Þórunn Steindórsdóttir. Óskaði eftir upplýsingum um nýlegri tölur um laun sérfræðinga.

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjaltsted. Svaraði þeirri fyrirspurn og nefndi að tölurnar kæmu beint frá Hagstofu Íslands og hægt væri að uppfæra tölurnar í kjarastefnunni því árlega.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4-2.1 Tillaga um sérstakar áherslur í kjaramálum

Samþykkt samhljóða.

4-3.1 Tillaga um lífeyrismál

Samþykkt samhljóða.

4-4.2 Tillaga að ályktun um stöðu samningamála

Frestað vegna viðkvæmrar stöðu í kjaramálum

4-5.1 Tillaga um réttindi nemenda til óskertrar kennslu

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 126 Sverrir Jörstad Sverrisson. Lagði til að setja inn orðið „nægt“ fjármagn.

Þingfulltrúi 149 Ásta Eggertsdóttir. Kom að hluta til inn á að drengir geti lesið sér til gagns.

Þingfulltrúi 151 Dýrleif Skjöldal. Benti á að setja inn að auki aðra rekstraraðila en ríki og sveitarfélög.

Þingfulltrúi 136 Þórunn Steindórsdóttir. Hún nefndi að forfallakennsla væri tryggð hjá yngsta stigi í grunnskólum.

Þingfulltrúi 226 Magnús Þór Jónsson. Útskýrði hvað vakti fyrir nefndinni með ályktuninni. Stutt og hnitmiðað var hugmyndin. Orðalagið þarf að vera þannig að hægt sé að heimfæra það á öll skólastigin.

Þingfulltrúi 199 Hólmfríður K. Sigmarsdóttir. Vildi hnykkja á því að þetta eigi við um öll skólastig – líka leikskólann.

Þingfulltrúi 143 Haraldur F. Gíslason. Nefndi að þetta ætti mjög vel við leikskólann.

Tillagan var samþykkt.

d. Skólamálanefnd

Þingfulltrúi 44 Guðbjörg Ragnarsdóttir gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og kynnti breytingar sem urðu á tillögum í meðferð hennar. Hún lagði eftirfarandi tillögur fram fyrir hönd nefndarinnar:

5-6.2 Tillaga að samþykkt um starfsþróun, námsorlof og rannsóknir í skólastarfi
Samþykkt samhljóða.

5-5.1 Tillaga að samþykkt um starfsþjálfun í kennaranámi
Til máls tók:

Þingfulltrúi 149 Ásta Eggertsdóttir. Benti á að auka þyrfti einnig undirbúningstíma kennara sem taka til sín nema.

Tillagan samþykkt með miklum meirihluta.

5-4.2 Tillaga að samþykkt um samstarf um skólastarf
Til máls tóku:

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal tók til máls. Hún kom með *breytingatillögu* um að KÍ hafi frumkvæði að því að skapaður verði samstarfsvettvangur hagsmunaaðila í samræmi við tillöguna.

Þingfulltrúi 151 Dýrleif Skjöldal. Gerði athugasemd og lagði til *breytingatillögu* við tillöguna.

Kl. 17:00

Þingi frestað til næsta dags. Þingforsetar ákváðu að haldið yrði áfram með tillöguna næsta dag.

Föstudagur 4. apríl

Kl. 9:00

Erindi:

Ægir Karl Ægisson formaður siðaráðs KÍ flutti erindið „Sjálfræði kennarastéttarinnar“ Hann fjallaði um sjálfræði kennara, siðferði, þarfir og skyldur út frá hinum ýmsu sjónarhornum. Hann ræddi um sjálfsvirðingu, sjálfræði og tengingu við stjórnun. Hann fjallaði um metnað kennara ásamt siðferðislegri ábyrgð á starfinu. Ræddi um nýja aðalnámskrá, sköpun og ný viðfangsefni, að bregðast við nemendum og leita skapandi leiða. Hann fjallaði um réttindi og skyldur nemenda og kennara og áhrif þess á samskipti. Að lokum fjallaði hann um styrk og stuðning kennara hvor við annan.

Hann bauð upp á fyrirspurnir og umræður. Nokkrar spurningar komu úr sal og upp spruttu líflegar umræður, m.a. um sjálfræði kennara á öllum skólastigum.

Nefndir skila af sér – frh.

5-4.3 Tillaga að samþykkt um samvinnu um skólastarf

Þingforseti Mjöll Matthíasdóttir talaði fyrir tillögu Sigrúnar Grendal með breyttu orðalagi frá því í gær.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 215 Ólöf Jónsdóttir. Lagði til að nota orðin „háskóla sem mennta kennara“ í stað kennaramenntunarstofnanir.

Úr sal var bent á að sumt kennaranám fer ekki fram í háskóla, þ.e. sumt tónlistarkennaranám. Því var orðinu „háskóla“ breytt í orðið „skóla“.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5-3.2 Tillaga að samþykkt um kynningu á kennaramenntun og kennarastarfinu

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal Jóhannesdóttir. Benti á að orðalag væri villandi varðandi frumvarp til laga um tónlistarskóla.

Þingfulltrúi 213 Kristín Stefánsdóttir lagði til breytingu á orðalagi.

Tillagan var samþykkt.

5-1.2 Tillaga að skólastefnu KÍ 2014-2017

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 51 Marjatta Ísberg. Lagði fram *breytingatillögu* í inngangi um mat á gæðum skólastarfs (bls. 1)

Þingfulltrúi 105 Margrét Össurardóttir. Vill að lögð sé áhersla á að KÍ berjist fyrir því að nemendum sé ekki mismunað t.d. varðandi spjaldtölvur.

Þingforseti benti henni á að koma með skriflega tillögu.

Þingfulltrúi 151 Dýrleif Skjöldal. Benti á að í stefnunni ætti að taka fram að kennarar skuli starfa samkvæmt öllum grunnþáttunum en ekki taka einn fram sérstaklega, eins og lýðræði á bls 3.

Þingfulltrúi 52 Baldur Þorsteinsson. Lagði áherslu á rétt foreldra og nemenda til að velja sérskóla ef þau telja það best fyrir nemandann. Einnig benti hann á misskilning varðandi spjaldtölvur skólans sem var til umræðu, þær væru fjármagnaðar með söfnun, styrkjum og gjöfum.

Þingfulltrúi 2 Björg Bjarnadóttir. Benti á að í stefnunni er klausa sem tekur á því að koma í veg fyrir mismunun (bls.5). Útskýrði hvers vegna þarf að standa „deildarstjóri“ um leikskóla í stað umsjónarkennari – eru ólík starfsheiti milli skólastiga. Nefndi að mikil lýðræðisleg vinna hefur átt sér stað í skólastefnunni, tillögur nefndarinnar væru til bóta og lagði til að stefnan yrði samþykkt. Nefndi einnig að sértæk mál eiga ekki erindi í skólastefnu KÍ, betra væri að búa til sér tillögu að ályktun um slík mál.

Þingfulltrúi 39 Gunnar S. Ólafsson. Vill að það komi fram í greininni um kennarann að kennarastarfið sé eitt mikilvægasta starfið.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal. Stakk upp á að orðunum umsjónarkennari/deildarstjóri og skólastigum/skólagerðum væri komið inn þar sem við á. Ræddi einnig um frumvörp og menntamálaráðherra.

Þingfulltrúi 185 Sveinlaug Sigurðardóttir. Benti á að ekki væri verið að fjalla um mat á skólastarfi í þessu samhengi í innganginum, það kæmi sér texti um það síðar í stefnunni.

Þingfulltrúi 85 Íris Árný Magnúsdóttir. Tók undir að ekki væri verið að fjalla um mat í þessari klausu í innganginum, heldur gæði skólastarfs án mats.

Þingfulltrúi 51 Marjatta Ísberg dró *breytingatillögu* sína til baka.

Þingfulltrúi 136 Þórunn Steindórsdóttir. Tók fram að í inngangi væri verið að ræða góða menntun en ekki mat á henni. Tekur undir með Baldri að mismunandi skólar nái ekki yfir hugtakið sérskólar.

Þingfulltrúi 222 Hreiðar Sigtryggsson. Lagði til að tekin verði út setningin „að gæði skólastarfs séu ekki einsleit og...“. Lagði til að upphaflegur texti, eins og hann kom frá nefndinni yrði notaður. Hann lagði til að skólastefnan yrði lögð fram í heild sinni til atkvæðagreiðslu.

Skólastefnan var lögð fram í heild sinni og samþykkt samhljóða.

5-7.3 Tillaga um list- og verkgreinar

Þingfulltrúi 137 Þórdís Sævarsdóttir mælti fyrir nýrri tillögu um list- og verkgreinar og sagði að hún væri lítið breytt efnislega frá skólamálanefnd en orðalag væri bætt og breytt.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 45 Alma Vestmann. Lagði til að taka út „samþættingu skapandi greina við aðrar námsgreinar“ þar sem þá væri ekki gert ráð fyrir sköpun í öðrum greinum.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal. Benti á að orðin „skapandi greinar“ vísa til tiltekinna greina í skólakerfinu.

Þingfulltrúi 96 Kristjana Hrafnisdóttir. Telur þessa tillögu vera efnislega breytta frá tillögu skólamálanefndar.

Þingfulltrúi 137 Þórdís Sævarsdóttir. Vill vísa tillögunni til skólamálanefndar.

Ingibergur Elíasson, formaður vinnudeilusjóðs. Ræddi um nám til starfsgreina, að það hafi ekki fengið nægjanlega umfjöllun. Starfsgreinakennarar hafi fáir mastersgráðu og komi gjarnan seint á starfsævinni inn í kennslu. Ef við leggjum ofuráherslu á menntastig kennara þá útilokum við hópa innan stéttarinnar.

Þingfulltrúi 65 Elísabet Gunnarsdóttir. Fagnaði þessari tillögu.

Þingfulltrúi 51 Marjatta Ísberg. Ræddi um að skrítið væri að taka sérstaklega fram að ákveðnar greinar væru skapandi og aðrar ekki.

Þingforseti Mjöll Matthíasdóttir lagði til að kosið yrði um hvora tillöguna væri verið að ræða: 5.7.2 eða 5.7.3

Kosið var um að ræða 5.7.3 og með því fella út 5.7.2. Það var samþykkt.

Þingfulltrúi 137 Þórdís Sævarsdóttir. Ítrekaði að ekki sé verið að draga úr sköpunarþættinum í öllum greinum, heldur verið að fjalla um nútímaskilgreiningar á því hvaða greinar flokkast sem skapandi greinar.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal. Kom með *breytingatillögu* þess efnis að taka út 3. punkt neðst í tillögunni og setja aðra setningu í staðinn sem dregur úr þessari skiptingu námsgreina.

Þingfulltrúi 94 Kristín Gestsdóttir. Kennarar eru og eiga að vera skapandi – sama hvað þeir kenna.

Kosið var um breytingatillöguna, þ.e. að taka út 3. punkt og setja nýja setningu í staðinn. 63 atkvæði voru með tillögunni og 63 atkvæði á móti. Breytingatillagan var því felld, þar sem breytingatillögur falla á jöfnu.

Kosið var um tillöguna í heild sinni og hún samþykkt.

5-2.2 Tillaga að samþykkt um innleiðingu menntastefnu – gæði og innihald náms

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal. Nefndi að tillaga um tónlistarskóla hafi ekki verið lögð fyrir alþingi og því þurfi að breyta orðalaginu til samræmis við það.

Þingfulltrúi 213 Kristín Stefánsdóttir. Benti á að á alþingi væri ekki talað um tillögur heldur frumvörp. Hún lagði fram *breytingatillögu* þess efnis.

Tillagan var samþykkt með breytingunni.

e. Útgáfunefnd

Þingfulltrúi 41 Sólrún Guðjónsdóttir gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og kynnti breytingar sem urðu á tillögum í meðferð hennar. Hún lagði eftirfarandi tillögu fram fyrir hönd nefndarinnar:

6-8.2 Tillaga um útgáfumál

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 17 Guðjón Hreinn Hauksson. Talaði um mikilvægi Skólavörðunnar til að nota sem málagn út á við. Benti á að þetta er eina blaðið á Íslandi sem fjallar um menntamál út frá sjónarhóli kennara. Mikilvægt að nýta okkar öflugna málagn.

Þingfulltrúi 18 Guðjón Ragnar Jónasson. Tekur undir mál nafna síns á undan. Finnst lágmark að stéttarfélag með svo marga félagsmenn eigi gott málagn. Gott tæki til að efla fagvitund okkar kennara vill fá blaðið sent heim.

Þingfulltrúi 121 Sigurður Haukur Gíslason. Talaði um handbók kennara (dagbókina) og spyr hvort hún væri almennt mikið notuð í þessum rafræna heimi. Ræddi um Bændablaðið og dreifingu þess til almennings. Bendir á að mikilvægt sé að koma boðskap kennara út á við til almennings – huga þurfi meira að útgáfu út á við en inn á við.

Þingfulltrúi 185 Sveinlaug Sigurðardóttir. Hún benti á að dagbókina notuðu margir mjög mikið. Hún fagnaði tillögum útgáfunefndarinnar og lagði til að þær yrðu samþykktar.

Þingfulltrúi 136 Þórunn Steindórsdóttir. Tekur undir og leggur áherslu á mikilvægi útgáfu út á við til samfélagsins – að efla vitund almennings um störf kennara. Lagði fram *breytingartillögu* þess efnis að efla Skólavörðuna um fagleg mál og skólarannsóknir.

Þingfulltrúi 51 Ásta Eggertsdóttir. Sammála því að við verðum að hafa gott tímarit. Ræddi einnig um félagsskírteinið, útprentun og endurnýjun.

Þingfulltrúi 129 Valgarður Lyngdal Jónsson. Útskýrði nánar tillögur nefndarinnar, m.a. um stofnun útgáfuráðs, Skólavörðuna og fjölda hennar ásamt útgáfumálum út á við. Hvatti þingið til að samþykkja tillögur útgáfunefndarinnar.

Þingfulltrúi 51 Marjatta Ísberg. Tók undir að við þurfum að vera sýnileg út á við. Vill frekar að fólk haki við að afþakka blaðið en að haka við að óska eftir blaðinu heimsendu. Mörgum finnst betra að lesa blaðið á pappír en öðrum rafrænt. Mikilvægt að koma til móts við fjölbreyttar þarfir.

Þingfulltrúi 85 Íris Á. Magnúsdóttir. Nefndi að það væru ekki tveir valkostir í boði, að þiggja heimsendingu eða afþakka hana.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Vill að Skólavarðan sé send heim ef hún er gefin út á pappír. Vill láta kanna hversu margir nota handbókina/dagbókina og hversu margir lesa Skólavörðuna.

Þingfulltrúi 195 Ásta María Björnsdóttir. Sagði frá því að kennarar í tilteknu landi fengju frítt á söfn og listviðburði. Nefndi að slíkt fyrirkomulag gæti ýtt undir að kennarar fari með nemendum á listviðburði. Vill að sama form verði um Skólavörðu, dagbók og félagsskírteini. Fólk ýmist afþakki eða þiggi.

Þingfulltrúi 6 Andri Geir Jóhannsson. Fór yfir ýmsa útgáfuliði og hvað þeir kosta. Lagði til að útgáfuráðið hefði svigrúm til að velja eftir aðstæðum hverju sinni hvað er gefið út og tæki þá mið af fjármálastöðu og fleiru.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal. Kom með *breytingartillögur* við tillöguna, að bæta við setningum á tveimur stöðum.

Hannes Þorsteinsson. Talaði um fjármál og hvað hvert tölublað af Ferðablaði KÍ og Skólavörðunni kostar. Lagði til að halda áfram þeim möguleika að félagsmenn óski eftir að fá blaðið sent heim frekar en að afþakka blaðið.

Þingfulltrúi 129 Valgarður Lyngdal Jónsson. Útskýrði betur hvað vakti fyrir útgáfunefndinni með því að geta afþakkað Skólavörðuna frekar en að þurfa að óska eftir henni. Ítrekaði sína skoðun að rafræn kosningakerfi féllu ekki undir útgáfumál heldur umsýslu.

Þingfulltrúi 18 Guðjón Ragnar Jónasson. Ræddi um útgáfumál frá ýmsum hliðum, m.a. metnaðarfulla útgáfu, prentmiðla og netmiðla frá ýmsum hliðum. Nefndi að prentað mál væri síður en svo að deyta út. Hvatti til að skoða hvernig Bændablaðið er kostað, m.a. með tilliti til auglýsinga.

Tillagan var borin upp lið fyrir lið:

Liður 1 – samþykktur samhljóða

Liður 2 – samþykkt

Liður 3 – Útgáfunefnd lagði til að setningin eins og hún var í upphaflegu tillögunni yrði felld út. 66 greiddu atkvæði með því að fella setninguna út en 72 greiddu atkvæði á móti því að fella hana út. Tillagan var því felld og setningin stendur óbreytt.

Liður 4 – samþykkt með meirihluta atkvæða

Liður 5 – breytingatillaga sem felur í sér viðbót við setninguna var samþykkt með nokkrum mótatkvæðum. Liðurinn var samþykktur í heild.

Liður 6 – dettur út þar sem hann kemur fyrir annars staðar.

Liður 7 - útgáfa Skólavörðunnar. Viðbótartillaga um 4 blöð á ári var felld. Tillaga um að félagsmenn þurfi að afþakka blaðið heim var felld. Fyrirkomulagið verður þá áfram þannig að fólk þurfi að óska eftir að fá blaðið sent heim.

Liður 8 – samþykktur.

Tillagan í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með örfáum mótatkvæðum.

Hádegishlé

Hannes Þorsteinsson kynnti kerfi um rafrænar kosningar og bað þingfulltrúa að fara inn á Mínar síður KÍ þegar þeir koma heim og tak þátt í könnun um þingið.

6-9.2 b Tillaga um útgáfu félagskorts

Þingforseti Mjöll Matthíasdóttir talaði fyrir *breytingatillögu* þess efnis að málinu væri vísað til stjórnar KÍ til skoðunar.

Samþykkt með meirihluta

f. Fræðslu- og félagsmálanefnd

Þingfulltrúi 161 Heiða Ingólfssdóttir gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og kynnti þær breytingar sem urðu á tillögum í meðferð hennar. Hún lagði eftirfarandi tillögur fram:

7-1.2 Tillaga að stefnu KÍ í fræðslumálum

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 149 Ásta Eggertsdóttir. Vill að fræðslumál séu líka á netinu og meira af námskeiðum á landsbyggðinni.

Þingfulltrúi 215 Ólöf Jónsdóttir. Finnst að 2. liður megi falla út.

Tillagan í heild sinni var samþykkt.

7-5.2 Tillaga um símenntunar/starfsþróunarsjóði aðildarfélaga

Enginn tók til máls.

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta

7-6.2 Tillaga um viðhorfskönnun á þjónustu og starfsemi KÍ

Samþykkt.

7-11.1 Tillaga um endurskoðun á greiðslu ferðakostnaðar vegna símenntunar og starfsþróunar

Til máls tók:

Þingfulltrúi 149 Ásta Eggertsdóttir. Ítrekaði stöðu fólks sem kemur langt að til að sækja sér símenntun/starfsþróun hvað varðar styrkupp hæðir, ferðakostnað, húsnæði, fæði og vinnutap. Samþykkt með afgerandi meirihluta atkvæða.

6-2.2 Tillaga Siðaráðs um áherslur 2014-2017

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 51 Marjatta Ísberg tók til máls. Kom með *breytingatillögu* þess efnis að tekinn verði út 3. punktur þar sem fjallað er um samráð við foreldra. Siðareglurnar tengist okkur kennurum og foreldrar geti kynnt sér þær.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Spurði hvaða stjórnendur er átt við í fyrsta punkti.

Þingfulltrúi 197 Björg Sigurvinsdóttir. Ræddi um orðið „siðferðisþrek“

Ægir Karl Ægisson, formaður Siðaráðs. Átt er við skólastjórnendur og þá sem hafa mest umráð yfir fundartíma kennara og geta því nýtt þá til umræðu um siðareglur. Útskýrði hvað siðferðisþrek þýðir.

Ingibergur Elíasson, formaður vinnudeilusjóðs. Hann ræddi um þróun síðustu ára í umræðum um siðferði og siðareglur. Mikil þróun hefur átt sér stað.

Þingfulltrúi 171 Linda Ósk Sigurgeirsdóttir. Leggur áherslu á að siðaráð styrki og kynni siðareglurnar inn á við til félagsmanna, frekar en að setja kraft í að ræða þær við nemendur og kennara. Leggur áherslu á að hafa raunhæf markmið. Styður þá tillögu að taka út 3.punkt. Kemur einnig með *breytingatillögu* um að síðasti punkturinn falli út.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal. Benti á að í samfélaginu væri of mikil áhersla á vitsmunalega þætti umfram tilfinningalega þætti. Vill að styrkt sé siðferðisleg hegðun og ekki bara inn á við í skólastofnanir heldur líka út á við.

Þingfulltrúi 137 Þórdís Sævarsdóttir. Útskýrði hvað bjó að baki hjá nefndinni hvað varðar síðasta punktinn, nr.6 og líka punkt nr.3.

Þingfulltrúi 194 Ingibjörg Kristleifsdóttir. Tók undir það að vera niðri á jörðinni en leyfa okkur samt smá fegurð í bland. Vill því að síðasta setningin sé inni, þó markmiðið sé háleitt og jafnvel erfitt í framkvæmd, þá geti hún ekki skaðað okkur.

Þingfulltrúi 45 Alma Vestmann. Talaði um mikilvægi samræðu við nemendur og kennara um siðferði, m.a. til að auka ábyrgð foreldra varðandi siðferðislega hegðun og samræðu foreldra og kennara.

Tillaga barst um að fella allt út nema fyrsta lið.

Tillagan var borin upp til atkvæða lið fyrir lið:

Tillaga um að taka út alla punktana nema þann fyrsta. Var felld með miklum meirihluta.

Tillaga um að fella niður 3.punkt var felld með meirihluta atkvæða. Punkturinn er því inni.

Tillaga um að taka út síðasta punktinn var felld. 56 vildu fella hann út en 68 vildu hafa hann inni. Breytingatillaga orðalags við síðasta punktinn felld. Fyrri orðalag síðasta punkts (nr.6) heldur sér. Síðasti punktur í heild sinni samþykktur.

Tillagan í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með meirihluta.

6-11.2 Tillaga um fræðslu fyrir trúnaðarmenn

Til máls tók:

Þingfulltrúi 2 Björg Bjarnadóttir. Leggur til að tillögunni verði *vísad frá* á þeim grundvelli að þessi fræðsla sé komin inn í lög og reglur KÍ annars staðar.

Frávísunartillagan var samþykkt.

Þórður Árni Hjaltsted formaður KÍ benti þingfulltrúum á að dagskrá væri til kl.16.

g. Fjárhagsnefnd

Þingfulltrúi 110 Páll Erlingsson lagði eftirfarandi tillögu fram:

2-3.2 Tillaga um félagsgjald

Til máls tók:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Hann lagði fram *breytingatillögu* um að stjórn KÍ hafi heimild til að hækka félagsgjaldið tímabundið um 0,6% sem rennur þá beint í húsgjald, ef þurfa þykir.

Breytingatillagan var felld.

Tillagan í heild sinni var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

h. Vinnuumhverfisnefnd

Þingfulltrúi 197 Björg Sigurvinsdóttir gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og kynnti breytingar sem urðu á tillögum í meðferð hennar. Hún lagði eftirfarandi tillögur fram fyrir hönd nefndarinnar:

6-3.2 Tillaga að stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum

Enginn tók til máls.

Samþykkt.

7-2.2 Tillaga um úttektir á vinnuaðstæðum

Enginn tók til máls.

Samþykkt.

7-3.2 Tillaga vinnuumhverfisnefndar um gerð fræðslumyndbanda

Enginn tók til máls.

Samþykkt.

7-4.1 Tillaga vinnuumhverfisnefndar um gerð könnunar

Þingfulltrúi 45 Alma Vestmann tók til máls. *Breytingartillaga* um orðalag.

Samþykkt.

7-10-1 Tillaga um að meta hæfilegan fjölda nemenda í námshópum

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 185 Sveinlaug Sigurðardóttir. Fagnar tillögunni þar sem málefnið er brýnt.

Þingfulltrúi 222 Hreiðar Sigtryggsson leggur til að *tillögunni sé vísað frá* og til vinnuumhverfisnefndar til nánari umfjöllunar og útfærslu málefnsins. Hann telur þörf á að vinna tillöguna betur og skýra nánar hvað á að gera og hvernig.

Frávísunartillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða.

i. Jafnréttisnefnd

Þingfulltrúi Þórhildur gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og kynnti breytingar sem urðu á tillögum í meðferð hennar. Hún lagði eftirfarandi tillögur fram fyrir hönd nefndarinnar:

6-1.2 Tillaga að jafnréttisstefnu

Samþykkt samhljóða

7-7.1 Tillaga um úttekt á launamun kynjanna

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Nefndi að hægt væri að fletta þessum gögnum upp hjá KÍ. Hann kom með *frávísunartillögu*.

Hafdís Guðmundsdóttir, starfsmaður KÍ. Útskýrði hvað slík úttekt fæli í sér og hvernig hægt væri að framkvæma hana.

Frávísunartillagan var felld.

Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

7-8.1 Tillaga um jafnrétti í íslensku menntakerfi

Samþykkt með meirihluta atkvæða.

7-9.1 Tillaga um að konur verði hvattar og styrktar til forystustarfa

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 151 Dýrleif Skjöldal. Spyr hvað er átt við með „styrktar“ til forystustarfa.

Þingfulltrúi 121 Sigurður Haukur Gíslason. Fór yfir tölfræði um konur og karla í forystu KÍ og nefndi að konur væru í meirihluta nánast allra nefnda og ráða. Af 48 nefndarmönnum væru 36 konur.

Frávísunartillaga barst úr sal til þingforseta. Frávísunartillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Launa- og kjaramálanefnd frh.4-4.3 Tillaga að ályktun um stöðu samningamála

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal. Vildi bæta inn orðinu „skólagæðum“.

Þingfulltrúi 222 Hreiðar Sigtryggsson. Bað um að neðst yrði sett útskýring á hvað SALEK væri.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

j. Orlofs- og ferðanefnd

Þingfulltrúi 21 Guðmundur Björgvin Gylfason gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og kynnti þær breytingar sem urðu á tillögum í meðferð hennar. Hann lagði eftirfarandi tillögur fram fyrir hönd nefndarinnar:

6-6.2 Tillaga um stefnumótun Orlofssjóðs KÍ 2014-2017

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Nefndi að sjóðurinn væri vel rekinn. Lagði fram *breytingatillögu* þess efnis að huga bæri að viðhaldi á húsum við Sóleyjargötu og endurnýja húsgögn.

Þingfulltrúi 222 Hreiðar Sigtryggsson. Spurði hvort ekki væri tímaskekkja að vera með nettengingu í orlofsbúðum/bústöðum, hvort þetta væri ekki í símunum og öðrum tækjum.

Þingfulltrúi 21 Guðmundur Björgvin Gylfason. Útskýrði hvað bjó að baki nettengingarhugmyndinni, þ.e. að félagsmenn hafi kost á að nýta tengingu, vilji þeir greiða fyrir hana í hvert skipti. Einnig sagði hann að árlega væri lagt til hliðar fé sem væri til viðhalds húseignum.

Þingfulltrúi 113 Róbert Ólafur Grétar McKee tók til máls. Hann lagði fram *breytingatillögu* þess efnis að jafna möguleika félagsmanna á úthlutunum orlofskosta og var þeim lið bætt við stefnuna.

Þingfulltrúi 21 Guðmundur Björgvin Gylfason. Nefndi að það væri mjög gott að fá hugmyndir fyrir sjóðinn. Stjórn hans fjallar árlega um úthlutunarreglur. Spyr hvort ekki sé eðlilegt að þeir sem hafi verið félagar lengi hafi meiri rétt en nýir. Flakkarinn jafni rétt manna þar sem fyrstur kemur fyrstur fær.

Þingfulltrúi 113 Róbert Ólafur Grétar McKee. Vill gjarnan hafa möguleika á að lána öðrum punktana sína.

Þingfulltrúi 215 Ólöf Jónsdóttir. Styður tillöguna.

Tillagan var borin upp til atkvæða lið fyrir lið:

1. liður (hagsýni) – samþykktur samhljóða
2. liður (úttekt) – samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta
3. liður (fjölbreytni) – samþykktur
4. liður (framboð víða um land) – samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta
5. liður (erlendis) – samþykkt
6. liður (Kjarnaskógur) – samþykkt með meirihluta
7. liður (kaupa í öllum landshlutum) – samþykkt með meirihluta
8. liður (geymsla Kjarnaskógi) – samþykkt
9. liður (geymsla Flúðum) – samþykkt
10. liður (ný hús Ásabyggð) – samþykkt
11. liður (kynna starfsemi) – samþykkt
12. liður (fundargerðir) – samþykkt
13. liður (samstarf) – samþykkt
14. liður (netaðgangur) – samþykkt með meirihluta
15. liður (viðhald Sóleyjargötu) – samþykkt

16. liður (eyða ójöfnuði) – samþykkt með meirihluta

Tillagan í heild með áorðnum breytingum var samþykkt.

6-9.2 Tillaga um útgáfu félagskorts

Hefur verið afgreitt annars staðar og stjórn KÍ gert að skoða þetta mál.

6-10.2 Tillaga um nettengingu í íbúðum Orlofssjóðs

Búið að fella inn í tillögu 6-6.2

k. Fjárhagsnefnd

Þingfulltrúi 110 Páll Erlingsson gerði grein fyrir eftirfarandi tillögum fyrir hönd nefndarinnar:

2-1.1 Tillaga að fjárhagsáætlun

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Benti á að í fjárhagsáætlun vantar tölur fyrir árið 2017.

Þingfulltrúi 215 Ólöf Jónsdóttir. Minnti á að rangar tölur voru frá orlofssjóði í skjali sem áður hafði komið fram.

2-2.2 Tillaga um gjald í Vinnudeilusjóð

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 195 Ásta María Björnsdóttir. Spurði hvort þetta gjald væri til viðbótar við hækkun félagsgjalds sem áður var samþykkt.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Kom með *breytingartillögu* um að stjórn KÍ hafi heimild til að hækka gjaldið um ákveðna prósentu ef tilefni er til.

Tillagan með breytingartillögunni var samþykkt með miklum meirihluta.

6-14.1 Tillaga um verklagsreglur Vinnudeilusjóðs vegna stuðnings við aðildarfélög við samningagerð þeirra

Ingibergur Elíasson, formaður vinnudeilusjóðs, tók til máls. Fjallaði um vinnudeilusjóð út frá hinum ýmsu hliðum og rakti vinnudeilusögu kennara síðustu ára.

Afgreiðslu tillögunnar var frestað.

Kl. 15:50

Kjöri formanns og varaformanns lýst

Bragi Halldórsson, formaður kjörstjórnar, lýsti kjöri formanns og varaformanns. Þórður Árni Hjaltsted er réttkjörinn formaður Kennarasambands Íslands og Aðalheiður Steingrímsdóttir

réttkjörinn varaformaður Kennarasambands Íslands. Óskaði Bragi þeim báðum velfarnaðar í störfum.

Ávarp

Aðalheiður Steingrimsdóttir, nýkjörinn varaformaður KÍ

Hún ávarpaði þingið og ræddi um menntun og menningu sem leiðir til þroska. Hún fjallaði um viðhorf samfélagsins til kennara og skólasamfélagsins, menntamálaumræðu og mikilvægi þess að skólar verði settir í forgang hjá ráðamönnum og samfélaginu öllu. Fjölbreytni í skólakerfinu væri styrkur samfélagsins. Hún fjallaði einnig um stöðu og hlutverk Kennarasambandsins.

Fjárhagsnefnd frh.

6-14.1 Tillaga um verklagsreglur Vinnudeilusjóðs vegna stuðnings við aðildarfélög við samningagerð þeirra

Áframhaldandi umræður um tillöguna.

Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Kl. 16:15

Önnur mál

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson mælti fyrir tveimur nýjum tillögum. Annars vegar til stjórnar Orlofssjóðs og hins vegar til Sjúkrasjóðs.

Til máls tók:

Þingfulltrúi 151 Dýrleif Skjöldal. Fagnar báðum tillögunum.

Tillaga til Orlofssjóðs

Fjallaði um að skerða ekki punkta félagsmanna sem þurfa húsnæði vegna veikinda.

Samþykkt samhljóða

Tillaga til Sjúkrasjóðs

Um ferðastyrk til félagsmanna vegna veikinda sinna eða barna sinna.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga til stjórnar KÍ

Þingfulltrúi 136 Þórunn Steindórsdóttir mælti fyrir tillögu til stjórnar KÍ varðandi rétt foreldra til að sækja um sérskóla fyrir barnið sitt.

Tillagan var samþykkt.

Fleiri önnur mál. Til máls tóku:

Þingfulltrúi 6 Andri Geir Jóhannsson. Velti upp spurningunni „Hvað er kennari?“ Hugtakið er ekki lögverndað nema við bætist forskeyti. Samfélagið ber í raun ekki skynbragð á hver er kennari og hver ekki þar sem hver sem er má kalla sig kennara, án forskeytis. Þurfum að fá

lögverndað starfsheitið kennari. Leggur til að KÍ að geri það markmiði sínu að berjast fyrir því að fá það lögverndað. Sérstaklega mikilvægt þar sem við erum sérfræðingar.

Þingfulltrúi 51 Marjatta Ísberg. Sagði frá sínum fyrstu kynnum af íslenskum skólum og reynslu sinni af íslensku skólakerfi. Ræddi um sjálfsmynd kennara og hver ætti að bæta ímynd okkar annar en við sjálf? Lagði áherslu á að við kennarar komum vel fram. Vildi að við brostum meira og nöldruðum minna.

Þingfulltrúi 171 Linda Ósk Sigurðardóttir. Talaði um fólkið okkar í húsi Kennarasambandsins, hrósaði þjónustunni og jákvæðu viðmóti starfsfólksins þar.

Þingfulltrúi 113 Róbert McKee lagði fram tillögu til stjórnar KÍ varðandi að reyna að koma í veg fyrir tvísköttun á greiðslum úr Vinnudeilusjóði.

Tillaga um lögverndun kennaraheitisins

Þingfulltrúi 1 Þórður Árni Hjalted. Benti á að undir liðnum önnur mál er ekki hægt að leggja fram tillögur en hægt er að leggja fram ályktanir.

Tillögunum var því breytt í ályktanir.
Ályktun um lögverndun var samþykkt.

Ályktun til stjórnar varðandi tvísköttun

Samþykkt.

Kl. 16:40

Þingslit

Ávarp

Björg Bjarnadóttir, fráfaramandi varaformaður KÍ flutti ávarp

Hún rakti leið sína inn í stéttarfélagsmálin og sögulegar vörður á leið sinni þar. Hún talaði um reynslu sína og upplifanir, sigra og árangur. Hún kvaddi stéttarfélagsmálin með þakklæti og gleði. Hvatti kennara til að standa saman þvert á skólastig, því þannig værum við sterkust. Við værum öll kennarar. Hún óskaði nýjum varaformanni og öllum félagsmönnum í trúnaðarstörfum velfarnaðar í störfum sínum.

Þingforseti Magnús J. Magnússon þakkaði þingfulltrúum gott þing.

Þórður Árni Hjalted, formaður KÍ flutti ávarp

Hann þakkaði traustið sem nýr formaður. Þakkaði einnig drengilega kosningabaráttu við mótframbjóðanda. Óskaði eftir góðu samstarfi við félagsmenn. Ræddi um ákvarðanir þingsins sem leiðarljós í starfinu á kjörtímabilinu. Fjallaði um kjaramálin og sagði að menntun verður að meta til launa. Ræddi um að styrkja það sem sameinar aðildarfélögin en gefa svigrúm fyrir sérstöðu. Þakkaði fráfaramandi félagsmönnum í stjórn KÍ samstarfið. Þakkaði fráfaramandi varaformanni, Björgu Bjarnadóttur, mjög gott samstarf og óeigingjarnt starf í þágu félagsmanna.

Haraldur Freyr Gíslason formaður FL, þakkaði fyrir hönd FL og FSL, Björgu Bjarnadóttur gott samstarf og færði henni gjöf.

Sigrún Grendal formaður FT, þakkaði fyrir hönd FT, Björgu Bjarnadóttur gott samstarf og færði henni gjöf.

Þórður Árni Hjaltested hvatti þingfulltrúa til að þakka þingforsetum, þingriturum og starfsmönnum þingsins góð störf. Þakkaði þingfulltrúum góð störf og sagði 6. þingi KÍ slitið.

Kl. 17:03

Þingi slitið.